



Ferill barnaverndarmáls

- Frá tilkynningu til úrskurðar

Námskeið fyrir barnaverndarstarfsmenn

1. nóvember 2016

Heiða Björg Pálmadóttir



1. Tilkynning berst

- Barnaverndarnefnd fær tilkynningu eða berast upplýsingar með öðrum hætti
- Skylt að taka afstöðu til þess án tafar
 - Eigi síðar en innan sjö daga
- Ekki hægt að kæra ákvörðun barnaverndarnefndar um að hefja (ekki) könnun
- Taka þarf sjálfstæða afstöðu til könnunar varðandi hvert og eitt barn

(1. og 3. mgr. 21. gr. bvl. og 14. gr. reglug. 56/2004)



2. Könnun máls

- Rökstuddur grunur um að tilefni sé til könnunar
- Upphaf barnaverndarmáls miðast við formlega ákvörðun um að hefja könnun
- MR: tilkynna foreldrum um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun í tilefni af henni
 - UT: Heimilt að fresta vegna ríkra rannsóknarhagsmuna
- Rannsóknarheimildir við könnun máls (43. gr. bvl.)
 - MR: Samráð við foreldra
 - UT: Rannsóknarhagsmunir heimila könnun/rannsókn máls án samráðs/samþykkis

(3. – 4. mgr. 21. gr. bvl. og 14. gr. reglug. 56/2004)



Könnun máls, frh.

- Meta skal hvort þörf sé á að skipa barni talsmann
- Rætt við forsjáraðila barns
- Rætt við barn (hafi barn aldur og þroska til)
- Rætt við aðra sem þekkja barnið
- Upplýsinga aflað frá þeim sem geta varpað ljósi á málið



Markmið með könnun

- Safna staðreyndum varðandi þann grun sem fram hefur komið
- Ákveða hvort ástæða sé til að hafa áhyggjur
- Finna hvaða styrkleikar eru í fjölskyldunni og hvort barnið sé í hættu
- Ákveða stuðning og/eða aðrar aðgerðir gagnvart barninu og mögulega öðrum

(22. gr. bvl. og 16. gr. reglug. 56/2004)



2. Niðurstaða könnunar

- Skyld að kanna mál áður en beitt er úrræðum á grundvelli ákvæða barnaverndarlaga
 - UT ef neyðartilvik koma upp
- Ber að flýta eins og kostur er
 - Ákvörðun um beitingu úrræða skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða (hámark 4 mánuðir)

(1. mgr. 23. gr. bvl. og 16. gr. reglug. 56/2004)



Niðurstaða könnunar, frh.

- Niðurstaða sett fram í sérstakri greinargerð
- Efni greinargerðar um niðurstöðu könnunar:
 - tilkynningar og efni þeirra eða annað tilefni könnunar þegar það á við
 - ákvörðun um að hefja könnun og tilkynningu til forsjáraðila
 - með hvaða hætti mál var kannað
 - niðurstöður könnunar, og
 - tillögum að heppilegum úrræðum ef talin er þörf á úrbótum



3. Áætlun um meðferð máls

- Áætlun á að vera:
 - Skrifleg
 - Niðurstaða könnunar
 - Markmið áætlunar
 - Hlutverk allra sem koma að stuðningsúrræðum
 - Hvenær og hvernig skuli meta árangur
 - Tímalengd áætlunarinnar

(23. gr. bvl. og VI. kafli reglug. 56/2004)



Áætlun, frh.

- Á að vera tímabundin og endurskoða eftir þörfum
- Mikilvægt að virk áætlun sé í máli á meðan það er opið
- Mikilvægt að beita ekki úrræðum án þess að áætlun sé í gildi
- Ef ekki næst samkomulag við foreldra
 - Skyld að gera einhliða áætlun
 - Leggja fyrir barnaverndarnefnd sem úrskurðar ef tillögur eru þess eðlis



4. Ráðstafanir barnaverndarnefndar (24.-29. gr. bvl.)

- Samþykki
 - inn á heimili
 - taka barn af heimili
 - eldri börn aðilar

- Án samþykkis
 - inn á heimili
 - barnaverndarnefnd
 - taka barn af heimili tímabundið
 - eldri börn aðilar
 - barnaverndarnefnd / dómstólar
 - forsjársvipting
 - eldri börn aðilar
 - dómstólar



Stuðningsúrræði í samvinnu (24.-25. gr. bvl)

- Samþykki
 - ✓ stuðningsaðgerðir án töku barns af heimili – 24. gr.
 - = samþykki forsjáraðila
 - Leiðbeina barni og foreldrum
 - Útvega tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu
 - Aðstoða foreldra við að leita sér aðstoðar o.fl.
 - ✓ taka barns af heimili – 25. gr.
 - = samþykki forsjáraðila og barns 15 ára
 - Útvega barni fósturheimili
 - Vista barn á heimili eða stofnun til umönnunar og/eða rannsóknar eða meðferðar



Þvingunarúrræði (26.-29. gr. bvl.)

ekki samvinna við foreldra og/eða barn

- Án samþykkis
 - ✓ aðgerðir án töku barns af heimili – 26. gr.
 - = úrskurður barnaverndarnefndar gegn foreldri
 - Eftirlit með heimili
 - Fyrirmæli um aðbúnað/meðferð/rannsókn
 - ✓ taka barns af heimili – 27.-28. gr.
 - = úrskurður barnaverndarnefndar gegn foreldri og barni 15 ára í tvo mánuði
 - = úrskurður dómstóls gegn foreldri og barni 15 ára í allt að 12 mán. í senn
 - ✓ forsjárvipting – 29. gr.
 - = dómur
 - Fóstur- og/eða meðferðarheimili, vistheimili